

“Hvernig var hárilitur hans,” spurði spæjarinn, “var það hvítt eða svart.”

“Það var hvorugt, það var þar á milli”

“Keirði hann burtu héðan?”

Já herra, hesturinn var jarpur að lit.”

Spæjarinn festi allar þessar upplýsingar á minnið. “Áður en ég fer héðan, Ungfrú Manton,” sagði hann, “vildi ég einnig mega vita um annað atriði. Hefir bróðir yðar unnið til óvildar nokkurs manns, svo þér vitið, eða vitið þér af nokkrum sem ber óvildarhug til hans.”

“Nei, ekki svo mér sé kunnugt.”

“Vitið þér til að hann hafi orðið ósáttur við, eða komist í orðakast við nokkurn.”

“Nei, herra, ekki svo að orðakast geti heitið, um það get ég fullvissað yður,” svaraði frúinn, um leið og hún leit hornauga til þjónsins.

Spæjarinn tók eftir þessu, hann sá hik á konunni og að henni bjó eitthvað niðri fyrir sem hún lét ekki uppskátt, og að hún roðnaði talsvert í kinnunum.

Eftir að Fenton Chase hafði fengið eins nákvæmlega upplýsingu af komumanninum með hvítu augun, eins og þjónn-